

riti og kr. 500.00 í málskostnað, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum hans í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1955.

Nr. 147/1955. V. Árnason & Co. h/f

gegn

Vigfúsi Friðjónssyni & Co. h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Krafa um frest í víxilmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur hinn 28. september þ. á. skotið til Hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 22. september þ. á., í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, umbeðinn frestur veittur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja. Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Sóknaraðili hefur haldið því fram í aðalmálinu, að hann hafi samþykkt víxil þann, sem í málinu greinir, til greiðslu á andvirði vöru, sem reynzt hafi gölluð, og hafi varnaraðili fallizt á að lækka víxilfjárhæðina af þeim sökum, en þessu hefur varnaraðili neitað. Framangreind varnarástæða sóknaraðilja kemst ekki að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma varnaraðilja kærumálskostnað úr hendi sóknaraðilja, er ákveðst kr. 600.00.

Víta ber tilefnislausu kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, V. Árnason & Co. h/f, greiði varnaraðilja,

Vigfúsi Friðjónssyni & Co. h/f, kærumálskostnað kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1955.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 15. þ. m., hefur V. Friðjónsson & Co. h/f, Siglufirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 27. ágúst s.l. gegn V. Árnason & Co. h/f, hér í bæ, og þeim Steingrími Þórisssyni, Skaptahlíð 36, Kristni Bergþórssyni, Skaptahlíð 46 og Jónasi Magnússyni, Barðavog 38, öllum hér í bænum, til greiðslu in solidum á víxli, að fjárhæð kr. 79.169.07 ásamt 7% ársvöxtum frá gjalddaga víxilsins 10. febrúar 1955 til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 116.00 í afsagnarkostnað og málskostnaðar.

Stefndi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt víxli, útgefnum 20. júlí 1954 af stefnda Steingrími og ábektum af honum og stefndu Kristni og Jónasi, en samþykktum af stefnda V. Árnason & Co. h/f, hér í bænum, hinn 10. febrúar 1955. Umræddur víxill var afsagður 12. febrúar s.l. sökum greiðslufalls.

Stefndu kveða málavexti þá, að stefndi, V. Árnason & Co. h/f, hafi keypt gólfteppi af stefnanda og samþykkt víxil fyrir, og sé það víxill sá, sem krafíð er um greiðslu á í máli þessu. Er vörurnar hafi svo verið teknar upp, hafi þær ekki reynzt í samræmi við faktúru. Hafi 35 gólfteppi verið minni en tilgreint var, en einnig hafi tvö teppi verið gölluð. Er því haldið fram af hálfu stefndu, að hin umstefnda skuldi eigi af framangreindum sökum að lækka um kr. 12.018.00, enda hafi stefnandi samþykkt þá lækkun. Þá er því einnig mótmælt af hálfu stefndu, að dæmdir verði hærri vextir en 6% ársvextir. Af hálfu stefnanda hefur málsástæðum þessum og staðhæfingum verið mótmælt.

Mál þetta var þingfest 1. september s.l. Í því þinghaldi fékk lögmaður stefndu frest til 8. þ. m. til að rita greinargerð, en þann dag kom fram greinargerð af hálfu stefndu. Í því þinghaldi fengu lögmennt aðilja sameiginlega frest til gagnaöflunar til 15. s. m., en þá óskaði lögmaður stefndu eftir 4 vikna framhaldsfresti í sama skyni. Af hálfu stefnanda var frekari fresti mótmælt.

Eins og að framan greinir, hafa umboðsmenn aðilja haft viku frest til gagnaöflunar undir rekstri málsins. Þykir því eigi unnt að veita hinn umbeðna frest gegn andmælum af hálfu stefnanda.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.